



Alþingi
Erindi nr. P 132/911
komudagur
17. 2. 2006

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Íslensk málnefnd - Háskóli Íslands

Menntamálanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. febrúar 2006

Efni: Umsögn Íslenskrar málstöðvar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, og frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál

Við er til bréfs yðar, dags. 26. janúar 2006, þar sem frumvörp til laga um Ríkisútvarpið hf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands voru send Íslenskri málstöð til umsagnar.

Lagafrumvarp um Ríkisútvarpið hf., 401. mál:

Um 1. tölulið 3. gr.: Ákvæði töluliðarins er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Það er sannarlega mjög í anda íslenskrar málstefnu að fyrsti efnispáttur fyrsta töluliðar hlutverksgreinarinnar segi að útvarpsþjónusta í almannabágu feli í sér að leggja rækt við íslenska tungu.

Um 6. grein: Þessi grein er byggð á 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þýðingar á efni á erlendu máli eru nauðsynlegar, sem meginregla, enda færi annað í bága við 1. tölulið 3. gr.

Lagafrumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál:
Engar athugasemdir eru gerðar við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Ari Páll Kristinsson